

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Dalbraut 12
840 LAUGARVATN

Garðabær, 10. ágúst 2023
Málsnúmer: 202307-0001
SS

Efni: Umsögn um deiliskipulagstillögu í landi Fellsenda í Bláskógabyggð.

Vísað er í erindi frá skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 30. júní 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að nýju deiliskipulagi vegna uppbyggingar í landi Fellsenda í Bláskógabyggð.

Fellsendi er jörð vestast í Bláskógabyggð á norðanverðri Mosfellsheiði. Þar eru engin mannvirki í dag nema lítill vegur og bílaplan en stefnt er að uppbyggingu á tveimur íbúðarhúsum og einni hlöðu ásamt aðkomuvegum, alls þrjár nýjar lóðir. Aætlað byggingarmagn er samtals 2500 m² að hámarki.

Áformað uppbyggingarsvæði er í dag óbyggt og lítið sem ekkert raskað en staðsett mjög nálægt Þingvallavegi. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er nokkuð votlendi á svæðinu og vestan við áætlaðar lóðir er jafnframt tjörn, sem er flokkuð í vistgerðina „tegundaríkt kransþörungavatn“ og með hátt verndargildi. Votlendi norðaustan og austan við tjörnina er skilgreint sem rimamýravist sem er sjaldgæf vistgerð með mjög hátt verndargildi.

Náttúrufræðistofnun telur í ljósi þessa að mjög mikilvægt sé að skoða betur útbreiðslu rimamýravistar á svæðinu til að tryggja að áætluð uppbygging muni ekki leiða til rasks á vistgerðinni. Einnig þarf að tryggja að uppbyggingin muni ekki valda raski á tjörninni og lífríki hennar.

Vegna nálægðar við Vesturlandsveg er ekki líklegt að fuglalíf sé mjög auðugt á skipulagssvæðinu en á Mosfellsheiði eru mikilvæg búsvæði mófugla m.a. ábyrgðartegunda eins og heiðlóu og spóa. Í ljósi þess hve lítið er um mannvirki á þessum slóðum þarf að huga að því að uppbyggingin, þó frekar lítil sé, getur haft truflandi áhrif á fuglalíf í nágrenninu sem og áætluð starfsemi hundahalds. Þá ætti að forðast að planta trjategundum sem eru líklegar til að sá sér út í nálægt mólendi en fuglategundir sem verpa í mólendi því sem einkennir svæðið vilja síður verpa innan um trjágróður.

Að sama skapi mun uppbyggingin breyta ásýnd svæðisins töluvert enda nær engar byggingar nálægt og jákvætt að stefnt sé að því með hönnun að draga úr mögulegum neikvæðum ásýndaráhrifum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



